

lýsingar um, hvort sá framburður hins ákærða sje sannur, að hann ekki hefði sofið 3 undanfarnar nætur, og þar sem það er borið fram, að hann sje óstjórnlegur drykkjumaður, og hafi þrisvar haft delirium tremens, er nauðsynlegt að fá vottorð hlutaðeigandi læknis og sóknarprests um sálarástand hans yfir höfuð.

- 3., Vantar hegningarovottorð hins ákærða frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
- 3., Loks ber að útvega þær frekari skýringar, sem upplýsingar þær kynnu að gefa tilefni til, er að framan er óskað eptir.

#### D v í ú r s k u r ð a s t :

Undirdómaranum ber sem fyrst að útvega skýrslur þær og skilríki, sem getið er um hjer að framan.

Mánudaginn 24. marzmán.

Nr. 35/1883

Björn og Sigurður Pjeturssynir  
gegn

Þóreyju Þorleifsdóttur og  
Þorgrími Ásgrímssyni.

#### D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 29. septbr. f. á., hafa þeir Björn og Sigurður Pjeturssynir á Hofstöðum í Skagafjarðarsýslu áfrýjað til yfirdómsins úrskurði, sem kveðinn var upp af fógetarjetti Skagafjarðarsýslu 5. júní 1883, en með honum var þeim synjað um útburð á Þóreyju Þorleifsdóttur og syni hennar Þor-

grími Ásgrímssyni af hálfendu jarðarinnar Hofstaðasels. Hafa áfrýjendurnir fyrir yfirdómi krafizt, að hinn áfrýjaði fúgetarjettarúrskurður verði felldur úr gildi, og þau mæðgin borin út af nefndri hálfendu, svo og, að þau verði dæmd til að lúka þeim málskostnað með einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins. — Á hinn bóginn hafa hin stefndu mæðgin Þórey Þorleifsdóttir og Þorgrímur Ásgrímsson krafizt, að hinn áfrýjaði fúgetarjettarúrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur nægilegur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Hinn 16. dag desembermán. 1882 var hinum stefndu birt útbyggingarskjal í umboði prófasts Jóns Halls-sonar, eiganda hálf Hofstaðasels, dags. 15. s. m., og skyldu þau eptir því vikja af hálfendu Hofstaðasels í fardögum 1883. Ástæður fyrir útbyggingu þessari voru taldar: 1., að Þorgrímur Ásmundsson hafi ekki borgað kúgildaleigur fyrir fardagaárið 18<sup>82</sup>/<sub>83</sub>, 2., að Þorgrímur hafi lagt fram fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu 17. apríl 1882 útdrátt úr bygg-ingarbrjefi föður síns sáluga frá 4. apríl 1867, og af honum sje ljóst, að þau mæðgin hafi engan rjett til ábúðar á hálfu Hofstaðaseli eptir fardaga 1883, og 3., hafi Þorgrímur haft dylgjur um, að þessi hálf-lenda mundi ekki vera eign prófasts Jóns Halls-sonar.

Talsmaður hinna stefndu hjer fyrir rjettinum hefur fyrst og fremst mótmælt útbyggingu áfrýjend-anna af þeirri ástæðu, að áfrýjendurnir hafi ekki haft lögmætt umboð frá eiganda hálfendunnar til að byggja hinum stefndu út af henni, en með því að áfrýjendurnir hafa lagt fram fyrir fúgetarjettinum

umboðsskjal frá eigandanum til þessa, dagsett áður en útbyggingin fór fram, og engin ástæða er til að rengja, að dagsetning umboðsskjalsins sje rjett, þá verður þessum mótmælum hinna stefndu enginn gaumur gefinn, og sjerstaklega skal þess getið, að áfrýjendurnir ekki höfðu neina ástæðu til að láta birta hinum stefndu umboðsskjalið um leið og útbygginguna, úr því að hin stefndu þá ekki vefengdu heimild þeirra til að koma fram sem umboðsmenn eigandans, Jóns prófests Hallssonar í Glaumbæ, en að hann sje eigandi hálftrar jarðarinnar Hofstaðasels er viðurkennt af talsmanni hinna stefndu fyrir fógatarjettinum.

Að því er snertir aðalefni málsins, þá eru mála-vextir þessir: Með byggingarbrjefi, gefnu út 4. apríl 1867, af þá verandi eiganda Hofstaðasels, Benedikt prófasti Vigfússyni á Hólum — en af því byggingarbrjefi hafa 2 sundurlausir útdrættir verið lagðir fram fyrir fógatarjettinum — var Ásgrími Árnasyni og konu hans Þóreyju Þorleifsdóttur, ef hans missti við, byggð jörðin Hofstaðasel frá fardögnum 1867 til fardaga 1868, og síðan í 15 ár þar eptir, hvers eign sem nefnd jörð verða kynni, þá fram liðu stundir, og er við það bætt þeirri skilmálagrein, sem sje órjúfanleg, að þegar hinn um samdi 16 ára tími til ábúðar sje með rjettilegu samþykki á enda kljáður, þá hvíli sú skuldbinding á Ásgrími og konu hans að víkja tregðulaust búferlum frá Hofstaðaseli, og láta það, hvernig sem á standa kynni, vera laust og liðugt fyrir fardagaleyti handa einhverjum þeim niðja síra Benedikts, ef nokkrir á legg komast kynnu, sem nefndrar jarðar kynnu njóta vilja sjer til hælis. Þessa byggingarskilmála hafa hin stefndu viljað skilja

þannig, að þeim sje heimil ábúð á Hofstaðaseli einnig eptir að hinn umsamdi 16 ára byggingartími er á enda, nema því aðeins, að einhver af niðjum síra Benedikts Vigfússonar vilji sjálfur taka jörðina til ábúðar; en þá skoðun getur yfirdómurinn ekki aðhyllzt. Í 11. gr. byggingarbrjefsins er skýrt tekið fram, að jörðin Hofstaðasel sje byggð Ásgrími Árnasyni og konu hans einungis í 16 ár, þ. e., frá fardögum 1867 til fardaga 1883, og að þeim 16 árum liðnum er því rjettur þeirra hjóna samkvæmt byggingarbrjefinu til ábúðar á jörðunni út runninn. Þetta er aðalákvörðun byggingarbrjefsins um byggingartímamann, en að þessi aðalákvörðun þess sje aptur felld úr gildi á þann hátt, sem hin stefndu halda fram, með viðaukaákvörðuninni í sömu grein um, að þau hjón, þegar 16 ára ábúðartíminn er á enda, skuli tregðulaust, og hvernig sem á stendur láta jörðina lausa fyrir einhverjum þeim niðja síra Benedikts, sem vildi fá hana til ábúðar, verður ekki álitid, því þá yrði aðalákvörðun byggingarbrjefsins um 16 ára byggingartímamann þýðingarlaus; byggingin yrði þá í raun og veru lífstíðarbygging einungis með þeirri kvöð, að standa upp fyrir niðjum síra Benedikts að 16 árum liðnum, en það verður ekki samrýmt við orð byggingarbrjefsins, sem beinlínis takmarka sjálfan ábúðarrjettinn við tiltekna áratölu, nje heldur við það, að ákvörðunin um að standa upp fyrir niðjum síra Benedikts er tengd við aðalákvörðunina um 16 ára byggingartímamann sem viðaukaákvörðun, er leggi Ásgrími og konu hans nýja eða ýtarlegri skuldbindingu á herðar, sbr. orðin: „Hjeraðauki bætist við sú skilmálagrein — — — „að nær að 16\*“

sá um samdi 16 ára tími til ábúðar er með rjettilegu samkomulagi á enda kljáður, þá hvílir sú skuldbinding á bóndanum sgr. Ásgrími Árnasyni og nefndri konu hans, að vikja tregðulaust“ o. s. frv.; en eptir skilningi hinna stefndu yrði viðaukaákvörðunin aðalákvörðun, er legði þá skuldbindingu á landsdrottinn, að láta þau hjón halda ábúðinni alla æfi, nema ef einhver af niðjum síra Benedikts vildi fá hana til ábúðar. — Yfirdómurinn verður því að skilja hinar tilvitnuðu ákvarðanir byggingarbrjefsins þannig, að byggingartíminn sje einskorðaður við 16 ár, þannig, að landsdrottinn þá sje frjálst að segja byggingunni upp, en að Ásgrímur og kona hans samt, hvernig sem á stendur, og hvort sem þeim hefur verið sagt upp ábúðinni eða ekki, skuli tregðulaust fara frá jörðunni að þessum 16 árum liðnum, ef einhver niðji síra Benedikts Vigfússonar þá vildi taka hana til ábúðar.

Þareð ábúðarrjettur hinna stefndu á hálfri jörðunni Hofstaðasels þannig var á enda í fardögum 1883 samkvæmt byggingarbrjefi hinnar stefndu Dóreyjar, og landsdrottinn á löglegan hátt hefur byggt þeim út af hálfendunni bæði af þessari ástæðu og af því að þau ekki höfðu borgað leigur til landsdrottins eptir hálfenduna fyrir fardagaárið 1882—83, þá var þeim skylt að láta jörðina lausa úr ábúd sinni í fardögum 1883, og þegar þau ekki vildu gjöra það góðviljuglega, þá bar hlutaðeigandi fógeta eptir kröfu landsdrottins og samkvæmt N.L. 6—14—6, sbr. reglugjörð 10. septbr. 1830, 23. gr., að bera þau út af hálfendunni.

Fyrir því ber að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð

úr gildi og að skylda hlutaðeigandi fógeta til að framkvæma hina heimtuðu útburðargjörð.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist epir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Útburðargjörð sú, sem áfrýjendurnir, Björn og Sigurður Pjeturssynir, hafa krafizt, á fram að fara.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 42/1883

Jón prófastur Hallsson  
gegn  
Friðbirni Björnssyni.

#### D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Jón prófastur Hallsson, hefur fyrst og fremst krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá undirrjettinum fyrir þá sök, að engin sönnun sje komin fram fyrir því, að lögleg sáttaumleitun hafi fram farið í málinu, en hinn stefndi, Friðbjörn Björnsson, hefur krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdóminum sökum þess, að áfrýjunarfresturinn hafi verið liðinn áður en yfirdómsstefnan var tekin út, en til vara hefur hann beðið um 8 vikna frest til þess að sanna, hvenær dómur hjeraðsrjettarins hafi verið birtur. —

Áfrýjandinn hefur borið á móti því, að hinn áfrýjaði dómur hafi nokkurntíma verið sjer löglega birtur, og með því að hinn stefndi ekki hefur sannað, hvort eða hvenær dómurinn hafi verið birtur áfrýjandanum, þá verður krafa hans um, að málinu verði